


Hjúkrunarrými á Íslandi – biðlistar og biðtími

Samantekt fyrir árið 2020 og samanburður við síðustu ár

Embætti landlæknis ber [lögum](#) samkvæmt að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu. Hluti af því eftirliti er fólgið í reglulegum athugunum á bið eftir ýmiss konar heilbrigðisþjónustu. Í þessari samantekt hafa tölur um bið eftir *varanlegri búsetu í hjúkrunarrými* og tölur um þá sem fengu úthlutun á árinu 2020 verið teknar saman.

Á fyrsta degi ársins 2021 voru 453 manns á biðlista eftir varanlegri dvöl í hjúkrunarrými, en fjöldinn var 404 í upphafi árs 2020. Heldur fækkaði á biðlista á öðrum ársfjórðungi ársins 2020 samanborið við misserin á undan, og voru þá að meðaltali 321 skráð á biðlista. Fjöldinn jókst svo aftur þegar líða tók á árið og á síðasta ársfjórðungi ársins var meðalfjöldinn kominn upp í 457.


Mikilvægt er að hafa fjölda aldraðra í landinu í huga þegar fjöldi á biðlista eftir hjúkrunarrýmum er skoðaður, en á síðasta áratug hefur fjöldi þeirra sem eru 67 ára og eldri á Íslandi aukist um 34% samanborið við 15% aukningu á heildarmannfjölda landsins. Mynd 1 sýnir meðalfjölda á biðlista í hverjum ársfjórðungi frá upphafi árs 2011 til loka ársins 2020. Dökka línan sýnir raunmeðalfjölda en sú ljósa sýnir meðalfjölda á hverja 10.000 íbúa 67 ára og eldri og tekur því tillit til fjölda í hópi aldraðra á hverjum tíma. Meðalfjöldi á biðlista var 99 á hverja 10.000 íbúa í lok árs 2020 en það er aukning um tæp 12% frá árinu á undan en 92% aukning frá síðasta fjórðungi ársins 2011.



Mynd 1. Meðalfjöldi á biðlista eftir varanlegri dvöl í hjúkrunarrými í hverjum ársfjórðungi árána 2011-2020. Dökka línan sýnir meðalfjölda einstaklinga en ljósa línan sýnir meðalfjölda á hverja 10.000 íbúa 67 ára og eldri.

Eftir opnun nýs hjúkrunarheimilis með 99 hjúkrunarrýmum á [Sléttuvegi í Reykjavík](#) í lok febrúar 2020 fækkaði á biðlista eftir hjúkrunarrýmum. Einstaklingar sem lágu á Landspítala [fengu forgang í þessi rými](#) vegna viðbúnaðar á Landspítala í tengslum við heimsfaraldur COVID-19. Þegar líða tók á árið fjölgaði hins vegar aftur á biðlista.


Fjöldi á biðlista sýnir aðeins hluta af heildarmyndinni og mikilvægt er að horfa líka á hversu margir flytjast í hjúkrunarrými og hve lengi fólk þarf að bíða eftir úthlutun eftir að það fær samþykkt [færni- og heilsumat](#). Mynd 2 sýnir fjölda sem fluttist í hjúkrunarrými á hverju ári frá 2011 til 2020 (súlur) og hlutfall sem beið lengur en 90 daga eftir rýminu (lína). Árið 2020 biðu 38% lengur en 90 daga eftir hjúkrunarrými og lækkaði því frá árinu 2019. [Markmiði stjórnvalda](#) um að 65% fengu hjúkrunarrými innan 90 daga á árinu 2020 var því næstum náð, en 62% biðu 90 daga eða skemur. Stefnt er að því að þetta hlutfall verði 75% árið 2023.



Mynd 2. Fjöldi sem fluttist í hjúkrunarrými til varanlegrar dvalar á árunum 2011-2020 og hlutfall sem beið lengur en 90 daga eftir úthlutun rýmis.

Mynd 3 sýnir hversu lengi þau sem fluttust í hjúkrunarrými á árunum 2011 til 2020 biðu eftir rýminu. Á heildina litið hefur biðtími aukist undanfarnin ár en biðtími á árinu 2020 var þó heldur styttri en árin 2018 og 2019. Miðgildi¹ biðtíma árið 2020 var 70 dagar samanborið við 92 daga árið 2019.

¹ Miðgildi fæst með því að raða biðtíma allra í röð eftir tímalengd og finna gildið í miðjunni. Þannig biðu u.þ.b. 50% þeirra sem fengu hjúkrunarrými skemur en sem nemur miðgildinu en u.þ.b. 50% lengur. Þegar gögn eru ekki normaldreifð getur miðgildi gefið betri mynd af biðtíma en meðalbiðtími, sem getur lækkað/hækkað mikið ef einhverjir bíða óvenjulega stutt/lengi.



Mynd 3. Biðtími þeirra sem fluttust í hjúkrunarrými á árunum 2011 til 2020.

Fjallað er sérstaklega um bið eftir hjúkrunarrými í hverju heilbrigðisumdæmi hér á eftir. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

- Einstaklingum á biðlista eftir hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu fækkaði frá árinu 2018. Hlutfall þeirra sem biðu lengur en 90 daga eftir úthlutun hjúkrunarrýmis lækkaði einnig lítillega frá árinu 2019. Stefnt er að því að opna yfir 350 ný hjúkrunarrými í umdæminu samkvæmt framkvæmdaáætlun heilbrigðisráðuneytisins til ársins 2025.
- Líkt og á árinu 2019 var hlutfallslegur fjöldi hjúkrunarrýma lægstur á Suðurnesjum. Fjöldi á biðlista jókst frá 2019 en hlutfall þeirra sem biðu lengur en 90 daga eftir úthlutun hélst nokkuð stöðugt í kringum 40%. Stefnt er að því að opna 30 ný rými í umdæminu fyrir árslok 2023.
- Fjöldi á biðlista eftir hjúkrunarrými á Vesturlandi hefur aukist ár frá ári síðan 2017 og hlutfall þeirra sem biðu lengur en 90 daga eftir úthlutun fer hækkandi. Hlutfallslegur fjöldi hjúkrunarrýma var þó hærri á Vesturlandi en á landsvísu á árinu 2020 en miðgildi biðtíma var hærra en víðsvegar annars staðar. Framkvæmdaáætlun til ársins 2025 gerir ekki ráð fyrir byggingu nýrra hjúkrunarrýma á Vesturlandi.
- Hlutfallslega flestir voru á biðlista eftir hjúkrunarrými á Vestfjörðum og þar var miðgildi biðtíma einnig hærra á árinu 2020 en í öðrum umdæmum (91 dagar). Hafa ber í huga að í svo litlu umdæmi má vænta þess að sjá talsverðar sveiflur. Hlutfallslegur fjöldi hjúkrunarrýma var aðeins hærri á Vestfjörðum samanborið við landið allt og hlutfall þeirra sem biðu lengur en 90 daga eftir hjúkrunarrými lækkaði frá því á árinu 2019. Stefnt er að því að opna 10 ný rými í umdæminu fyrir vorið 2024.
- Fjöldi á biðlista eftir hjúkrunarrými á Norðurlandi hefur haldist nokkuð stöðugur frá árinu 2017 en dálítill fjölgun varð á árinu 2020 miðað við 2019. Hlutfall þeirra sem biðu lengur en 90 daga eftir úthlutun rýmis hélt áfram að lækka. Stefnt er að því að fjölga hjúkrunarrýmum í umdæminu um 66 fyrir árslok 2023.
- Fjöldi á biðlista eftir hjúkrunarrými á Austurlandi hefur hækkað svolítið ár frá ári síðan 2017 en hlutfall þeirra sem biðu lengur en 90 daga heldur þó áfram að vera lægra en á landsvísu. Engin ný hjúkrunarrými eru á framkvæmdaáætlun fyrir umdæmið.

- Fjöldi á biðlista eftir hjúkrunarrými á Suðurlandi hefur einnig aukist ár frá ári síðan 2018 og er nú svipaður og á árinu 2017. Biðtími eftir úthlutun er þó hvergi styttri og hlutfall þeirra sem biðu lengur en 90 daga eftir úthlutun hélt áfram að vera meira en 10% lægra en á landsvísu. Stefnt er að því að fjölga hjúkrunarrýmum í umdæminu um 35 fyrir upphaf árs 2023.

Á undanförunum árum hefur ítrekað myndast alvarlegt ástand á Landspítala sem meðal annars má rekja til skorts á hjúkrunarrýmum. Brýnt er að sjúkrahúsrými séu nýtt fyrir sjúklinga sem þurfa á sérhæfðri sjúkrahúspjónustu að halda og tryggja að Landspítali geti sinnt sínu lögboðna hlutverki. Liður í því er að tryggja einstaklingum í þörf fyrir varanlegt úrræði hjúkrunarrými sem fyrst.

Á árinu 2020 létust 218 einstaklingar innan sex mánaða frá færni- og heilsumati. Af þeim höfðu 100 flust í hjúkrunar- eða dvalarrými en 118 voru enn að bíða. Embættið telur ástæðu til að skoða þetta mál frekar.

Ljóst er að ráðast þarf í heildstæða skoðun á öldrunarþjónustu þar sem jafnframt er litið til annarra úrræða en hjúkrunarrýma. Sú vinna er að hefjast og verður þjónusta við vaxandi hóp aldraðra til umræðu á næsta Heilbrigðisþingi. Embætti landlæknis fagnar þeirri vinnu.

Hildigunnur Anna Hall, verkefnisstjóri á heilbrigðisupplýsingasviði
Laura Sch. Thorsteinsson, teymisstjóri á sviði eftirlits og gæða heilbrigðisþjónustu
Ólöf Elsa Björnsdóttir, verkefnisstjóri á sviði eftirlits og gæða heilbrigðisþjónustu
Sigríður Haralds Elínardóttir, sviðsstjóri heilbrigðisupplýsingasviðs


Heilbrigðisumdæmi

Á árinu 2020 voru að meðaltali 390 á biðlista eftir varanlegri dvöl í hjúkrunarrými á landsvísu, 151 karl og 239 konur. Á landsvísu jafngildir það 8,5 á hverja 1.000 íbúa sem náð hafa 67 ára aldri (einstaklingar á biðlista sem eru yngri eru taldir með þótt þeir telji ekki í mannfjöldatölum).

Íslandi er skipt í sjö heilbrigðisumdæmi og er aðgengi að hjúkrunarrýmum misjafnt eftir umdæmum. Mynd 4 sýnir meðalfjölda á biðlista eftir hjúkrunarrými á hverja 1.000 aldraða íbúa á árinu 2020 miðað við lögheimili og fjölda aldraðra í hverju umdæmi, eftir kyni. Hlutfallslega fleiri konur en karlar voru á biðlista í öllum heilbrigðisumdæmum landsins.



Hægt er að skoða stöðu á biðlista eftir hjúkrunarrými frá árinu 2013 í [gagnvirkri birtingu á vef embættis landlæknis](#)². Auk heilbrigðisumdæma er þar hægt að skoða tölurnar eftir stærstu sveitarfélögum landsins. Hafa þer í huga að einstaklingar sækja ekki endilega um að flytjast á hjúkrunarheimili í heilbrigðisumdæminu sem þeir eru með lögheimili í.



Mynd 4. Meðalfjöldi á biðlista á árinu 2020 á hverja 1.000 íbúa 67 ára og eldri eftir kyni og heilbrigðisumdæmi.


² Tölfræði í gagnvirkri birtingu tekur einungis til þeirra sem náð hafa 67 ára aldri. Í greinargerð þessari eru einstaklingar sem eru undir 67 ára aldri einnig taldir með þó mannfjöldatölur nái einungis til þeirra sem eru 67 ára og eldri. Vegna þessa er munur á tölum í greinargerðinni og þeim sem eru í gagnvirkri birtingu.

Á árinu 2020 fluttist 991 einstaklingur í hjúkrunarrými til varanlegrar dvalar, 420 karlar og 571 kona. Um 70% karlanna og 80% kvennanna voru 80 ára eða eldri.

Mynd 5 sýnir fjölda almennra hjúkrunarrýma á hverja 1.000 aldraða íbúa í heilbrigðisumdæmum landsins í lok árs 2020. Miðað við stöðuna á landsvísu (58 rými á hverja 1.000 íbúa 67 ára og eldri) voru færri rými á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu, en fleiri í öllum öðrum umdæmum. Á myndinni er punktur sem sýnir miðgildi biðtíma þeirra sem fluttust í hjúkrunarrými á árinu 2020. Miðgildi biðtíma var hæst á Vestfjörðum (91 dagur). Eins og á árinu 2019 var biðtíminn stystur á Suðurlandi (miðgildi 23 dagar).

Myndin sýnir að biðtími eftir varanlegri dvöl í hjúkrunarrými er mislangur eftir heilbrigðisumdæmum og hlutfallslegur fjöldi hjúkrunarrýma ólíkur. Aðgengi að annarri þjónustu, t.d. heimahjúkrun eða dagþjálfun, getur einnig verið ólíkt eftir búsetu. Þannig getur verið að einstaklingur sem býr í strjálbýli þurfi að fá varanlega dvöl í hjúkrunarrými fyrr en einstaklingur með svipaða færni sem býr í fjölmennu og þéttbýlu samfélagi þar sem þjónusta getur verið aðgengilegri.

Þegar þessar tölur eru bornar saman við upplýsingar í [greinargerð um bið eftir hjúkrunarrými á árinu 2019](#) sést að fjöldi hjúkrunarrýma á landsvísu á árinu 2020 var svipaður og á árinu 2019 ef miðað er við fjölda 80 ára og eldri; 213 rými á hverja 1.000 íbúa í lok árs 2020 samanborið við 210 í lok árs 2019. Á höfuðborgarsvæðinu, Vesturlandi, Vestfjörðum og Suðurlandi fjölgaði rýmum á hverja 1.000 íbúa 80 ára og eldri en fækkun varð á Suðurnesjum og Austurlandi og fjöldinn var sá sami á Norðurlandi. Breytingarnar voru þó mjög litlar.



Mynd 5. Fjöldi almennra hjúkrunarrýma í árslok 2020 á hverja 1.000 íbúa í hverju heilbrigðisumdæmi. Punktar sýna miðgildi biðtíma (í dögum) þeirra sem fengu hjúkrunarrými í umdæminu árið 2020. Heimild: Heilbrigðisráðuneytið.

Samkvæmt [vef heilbrigðisráðuneytisins](#) voru í árslok 2020 2.729 almenn hjúkrunarrými³ á landinu. Samkvæmt [framkvæmdaáætlun heilbrigðisráðuneytisins um uppbyggingu hjúkrunarrýma](#), og uppfærðum gögnum frá ráðuneytinu, er stefnt að því að fjölga rýmum um 482 á landsvísu til ársins 2025 (Tafla 1).

Tafla 1. Fjöldi nýrra hjúkrunarrýma á framkvæmdaáætlun Heilbrigðisráðuneytisins.


	Fjöldi nýrra rýma	Áætluð verklok
Árborg	25	Vor 2022
Höfn	6	Árslok 2022
Húsavík	6	Nóvember 2023
Sólvangur gamli Hafnarfirði	33	2021
Ás, Hveragerði	4	Janúar 2023
Boðarþing Kópavogi	64	September 2023
Akureyri	60	Árslok 2023
Reykjanesbær	30	Árslok 2023
Ísafjörður	10	Vor 2024
Mosfellsbær	44	2024
Reykjavík	200	2024
Samtals	482	

Þá er einnig fyrirhugað að bæta aðstöðu í um 200 rýmum. Í árslok 2020 samþykkti Alþingi fjárframlag til reksturs allt að 100 hjúkrunarrýma sem brúa eiga bilið þar til næstu hjúkrunarheimili opna á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðisráðuneytinu er stefnt að því að koma þessum hjúkrunarrýmum í gagnið sem fyrst.

Í mars á þessu ári [tilkynnti heilbrigðisráðuneytið](#) að samið hafi verið við Hafnarfjarðarbæ um að koma á fót sérhæfðri þjónustu fyrir aldraða á gamla Sólvangi í Hafnarfirði þar sem stefnt er að því að koma á fót 39 rýmum til skammtíma- og hvíldarinnlagna auk nýrrar hjúkrunardeildar með aðstöðu fyrir 11 einstaklinga. Eitt af markmiðum þessa verkefnis er að beita forvörum sem dregið geta úr líkum á alvarlegum heilsubresti sem leitt gæti til ótímabærrar innlagnar á sjúkrahús.


³ Í þessari samantekt er átt við fjölda almennra hjúkrunarrýma þegar greint er frá fjölda hjúkrunarrýma. Heildarfjöldi hjúkrunarrýma, að meðtöldum öðrum hjúkrunarrýmum, s.s. sérhæfðum geðhjúkrunarrýmum og rýmum ætluðum fyrir endurhæfingu, var 2.795. Eru þá ótalin dvalarrými og dagdvalarrými. Almenn hjúkrunarrými eru 95% allra rýma á landsvísu en í sumum umdæmum er hlutfallið lægra, einkum á Vesturlandi og Suðurlandi þar sem fjöldi geðhjúkrunarrýma er yfir 10% af fjölda rýma. Skiptingu rýma má sjá á [vef heilbrigðisráðuneytisins](#).

Höfuðborgarsvæðið




Árið 2020 voru að meðaltali 204 á biðlista eftir hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu, um 27% fleiri en árið 2016. Þegar síðustu fimm ár eru skoðuð var fjöldinn mestur árið 2018, eða 229 manns, en síðan þá hefur fækkað á biðlista.

Frá árinu 2016 hefur íbúum 67 ára og eldri á höfuðborgarsvæðinu fjölgað um tæp 15% á meðan heildaríbúafjöldi í umdæminu hefur aukist um 9%. Frá árinu 2016 hefur hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu fjölgað um 12%. Stefnt er að því að fjölga hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu um rúmlega 350 til ársins 2025.




Á árinu 2020 fengu 629 manns hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu. Af þeim biðu 250 eða 40% lengur en 90 daga eftir úthlutun rýmis. Miðgildi biðtíma var 71 dagur en meðaltalið 107 dagar. Hlutfall þeirra sem biðu lengur en 90 daga eftir úthlutun rýmis hækkaði á síðustu fimm árum, úr 32% árið 2016 í 40% árið 2020. Þróun á höfuðborgarsvæðinu svipar til þess sem sjá má á landinu öllu en meirihluti íbúa landsins býr í heilbrigðisumdæmi höfuðborgarsvæðisins.

Suðurnes




Á árinu 2020 voru að meðaltali 24 á biðlista eftir hjúkrunarrými á Suðurnesjum. Fjöldi á biðlista hefur sveiflast talsvert undanfarin ár en hafa ber í huga að þegar um fáa einstaklinga er að ræða þá er von á meiri sveiflum milli ára en gengur og gerist í fjölmennari umdæmum.

Frá árinu 2016 hefur íbúum 67 ára og eldri á Suðurnesjum fjölgað um 18% á meðan heildaríbúafjöldi í umdæminu hefur aukist um 20%. Frá árinu 2016 hefur fjöldi hjúkrunarrýma á Suðurnesjum lítið breyst. Stefnt er að því að fjölga hjúkrunarrýmum um 30 í umdæminu fyrir árslok 2023.




Á árinu 2020 fengu 49 manns hjúkrunarrými á Suðurnesjum. Af þeim bið 21 eða 43% lengur en 90 daga eftir úthlutun rýmis. Miðgildi biðtíma var 70 dagar en meðaltalið 106 dagar. Hlutfall þeirra sem biðu lengur en 90 daga eftir úthlutun hjúkrunarrýmis lækkaði úr 69% á árinu 2016 í 37% árið 2017 og hefur síðan hækkað lítillega.

Vesturland




Árið 2020 voru að meðaltali 38 einstaklingar á biðlista eftir hjúkrunarrými á Vesturlandi. Myndin hér til hliðar sýnir að þessi fjöldi hefur aukist ár frá ári, úr 11 manns á árinu 2016.

Frá árinu 2016 hefur íbúum 67 ára og eldri á Vesturlandi fjölgað um 16% á meðan heildaríbúafjöldi í umdæminu hefur aukist um 5%. Frá árinu 2016 hefur hjúkrunarrýmum á Vesturlandi fjölgað um 13%. Engin ný hjúkrunarrými eru á framkvæmdaáætlun fyrir umdæmið.




Á árinu 2020 fékk 71 einstaklingur hjúkrunarrými á Vesturlandi. Af þeim beið 31 eða 44% lengur en 90 daga eftir úthlutun rýmis. Miðgildi biðtíma var 86 dagar en meðaltalið 170 dagar. Hlutfall þeirra sem biðu lengur en 90 daga eftir úthlutun hjúkrunarrýmis á Vesturlandi lækkaði niður fyrir 20% á árinu 2017 en hefur síðan hækkað ár frá ári.

Vestfirðir




Á árinu 2020 voru að meðaltali 14 á biðlista eftir hjúkrunarrými á Vestfjörðum. Það er tvöföldun frá árinu 2016, þegar meðalfjöldinn var 7, en eins og gefur að skilja má búast við talsverðum sveiflum í svo fámennu umdæmi.

Frá árinu 2016 hefur fjöldi íbúa 67 ára og eldri á Vestfjörðum aukist um tæp 7% á meðan heildaríbúafjöldi í umdæminu jókst um 5%. Frá árinu 2016 hefur fjöldi hjúkrunarrýma á Vestfjörðum lítið breyst. Stefnt er að því að fjölga hjúkrunarrýmum í umdæminu um 10 til ársins 2025.




Á árinu 2020 fengu 14 manns hjúkrunarrými á Vestfjörðum. Af þeim biðu 6 eða 43% lengur en 90 daga eftir úthlutun rýmis. Miðgildi biðtíma var 91 dagar en meðaltalið 172 dagar. Hlutfall þeirra sem biðu lengur en 90 daga eftir úthlutun hjúkrunarrýmis á Vestfjörðum hækkaði talsvert frá árinu 2016 til 2019, þegar hátt í 70% biðu lengur en 90 daga eftir úthlutun, en hefur síðan lækkað.

Norðurland




Á árinu 2020 voru að meðaltali 70 einstaklingar á biðlista eftir hjúkrunarrými á Norðurlandi, sem er tæp 17% aukning frá árinu 2016. Nokkuð fækkaði á biðlista á árinu 2019 en hefur síðan fjölgað.

Frá árinu 2016 hefur íbúum 67 ára og eldri á Norðurlandi fjölgað um 10% á meðan heildaríbúafjöldi í umdæminu hefur aukist um tæp 4%. Frá árinu 2016 hefur hjúkrunarrýmum í umdæminu fækkað um 2%. Stefnt er að því að fjölga hjúkrunarrýmum á Norðurlandi um 66 til ársins 2025.




Á árinu 2020 fékk 121 einstaklingur hjúkrunarrými á Norðurlandi. Af þeim biðu 38 eða 31% lengur en 90 daga eftir úthlutun rýmis. Miðgildi biðtíma var 71 dagur en meðaltalið 135 dagar. Hlutfall þeirra sem biðu lengur en 90 daga eftir úthlutun hjúkrunarrýmis hækkaði nokkuð frá 2016 til 2018 en hefur síðan lækkað.

Austurland




Árið 2020 voru að meðaltali 19 manns á biðlista eftir hjúkrunarrými á Austurlandi en fjöldinn hefur aukist lítillega frá árinu 2017.

Frá árinu 2016 hefur íbúum 67 ára og eldri á Austurlandi fjölgað um 14% á meðan heildaríbúafjöldi í umdæminu jókst um 4%. Frá árinu 2016 hefur hjúkrunarrýmum á Austurlandi fjölgað um 12%. Engin ný hjúkrunarrými á framkvæmdaáætlun fyrir umdæmið.




Á árinu 2020 fengu 36 manns hjúkrunarrými á Austurlandi. Af þeim biðu 12 eða 33% lengur en 90 daga eftir úthlutun rýmis. Miðgildi biðtíma var 72 dagar en meðaltalið 119 dagar. Hlutfall þeirra sem biðu lengur en 90 daga lækkaði á milli árunna 2016 og 2017 en hefur síðan hækkað.

Suðurland



Á árinu 2020 voru að meðaltali 21 á biðlista eftir hjúkrunarrými á Suðurlandi, um 40% fleiri en árið 2016. Fjöldi á biðlista lækkað nokkuð á milli árunna 2017 og 2018 en hefur síðan aukist aftur.

Frá árinu 2016 hefur íbúum 67 og eldri á Suðurlandi fjölgað um 20% á meðan heildaríbúafjöldi umdæmisins jókst um 14%. Frá árinu 2016 hefur fjöldi hjúkrunarrýma á Suðurlandi ekki breyst. Stefnt er að því að fjölga hjúkrunarrýmum á Suðurlandi um 35 fyrir upphaf ársins 2023.




Á árinu 2020 fékk 71 einstaklingur hjúkrunarrými á Suðurlandi. Af þeim biðu 17 eða 24% lengur en 90 daga eftir úthlutun rýmisins. Miðgildi biðtíma var 23 dagar en meðaltalið 77 dagar. Hlutfall þeirra sem biðu lengur en 90 daga eftir úthlutun hjúkrunarrýmis hækkaði frá árinu 2016 til 2019 en hefur síðan lækkað.

Bið á Landspítala

Eins og embætti landlæknis hefur áður fjallað um í ársuppgjöri varðandi bið eftir hjúkrunarrými hefur bið aldraðra á bráðasjúkrahúsi neikvæð áhrif á heilsu þeirra, færni og lífsgæði. Þá er meðhöndlun fólks á röngu þjónustustigi léleg nýting á fjármagni. Því er mikilvægt er að koma í veg fyrir að einstaklingar þurfi að dvelja langdvölum á bráðasjúkrahúsi á meðan beðið er eftir hjúkrunarrými.

Mynd 6 sýnir fjölda einstaklinga með gilt færni- og heilsumat sem lágu á Landspítala á árinu 2020 og á fyrstu vikum ársins 2021. Í upphafi árs 2020 voru 83 einstaklingar með gilt færni- og heilsumat innliggjandi á Landspítala. Fjöldinn lækkaði í mars 2020, sem sennilega má rekja til opnun nýs hjúkrunarheimilis við Sléttuveg í Reykjavík, en jókst svo aftur og var í byrjun mars 2021 orðinn 89.




Mynd 6. Fjöldi einstaklinga með gilt færni- og heilsumat sem liggja á Landspítala. Heimild: Landspítali, Flæðisvið.

Frá febrúar 2020 til febrúar 2021 fluttust 388 einstaklingar með gilt færni- og heilsumat af Landspítala á hjúkrunarheimili en það nemur um 40% af heildarfjölda þeirra sem fengu úthlutuðu hjúkrunarrými á árinu 2020. Meirihluti (72%) þeirra sem útskrifuðust af Landspítala með gilt færni- og heilsumat fóru á hjúkrunarheimili.

Samkvæmt [Starfsemissupplýsingum Landspítala](#) voru 12% rúma á Landspítala nýtt af einstaklingum með færni- og heilsumat í byrjun mars 2021. Ef einstaklingar sem biðu endurhæfingar á Landakoti voru einnig taldir með þá nam hlutfallið 17%. Skýrslan sýnir jafnframt að rúmanýting í febrúar 2021 var yfir 85% viðmiði um æskilega rúmanýtingu á flestum þjónustulínunum spítalans. Hlutfallið fyrir öldrunarþjónustu var 102%.

Mynd 7 sýnir hversu lengi einstaklingar sem lágu á Landspítala frá því að færni- og heilsumat tók gildi, eftir deildum. Súlurnar sýna meðallegutíma einstaklinga frá febrúar 2020 til febrúar 2021. Fjöldi sjúklinga sem útskrifaðist af hverri deild á tímabilunum frá febrúar til desember 2020 annars vegar og janúar til febrúar 2021 hins vegar er einnig merktur inn á myndina.




Mynd 7. Meðallegutími (súlu) og fjöldi úrskrifa (tölustafir) meðal einstaklinga með gilt færni - og heilsumat á Landspítala eftir deildum. Heimild: Landspítali, Flæðisvið.

Á myndinni sést að flestir lágu á Vífilsstöðum (yfir 200 útskrifuðust á árinu 2020) og öðrum öldrunarlækningadeildum og var meðallegutími þeirra allt að 80 dagar á árinu 2020. Hins vegar má einnig sjá að þónokkur fjöldi lá á öðrum deildum. Til að mynda lágu einstaklingar með gilt færni- og heilsumat að meðaltali í 44 daga á lungnadeild, 35 daga á gigtar- og almennri lyflækningardeild og 19 daga á hjartadeild á árinu 2020.

Á undanförunum árum hefur ítrekað myndast alvarlegt ástand á Landspítala sem meðal annars má rekja til skorts á hjúkrunarrými. Brýnt er að sjúkrahúsrými séu nýtt fyrir sjúklinga sem þurfa á sérhæfðri sjúkrahúspjónustu að halda og tryggja að Landspítali geti sinnt lögboðnu hlutverki sínu, sem er skilgreint í 20. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007. Liður í því er að tryggja einstaklingum í þörf fyrir varanlegt úrræði hjúkrunarrými sem fyrst.

Andlát skömmu eftir færni- og heilsumat



Mynd 8. Fjöldi einstaklinga sem létust innan 6 mánaða frá færni- og heilsumati.

Mynd 8 sýnir fjölda einstaklinga sem létust innan sex mánaða frá því að þeir fengu samþykkt færni- og heilsumat. Á árinu 2020 létust 218 einstaklingar innan þess tímabils. Af þeim höfðu 100 flust í hjúkrunar- eða dvalarrými en 118 voru enn að bíða eftir rými. Embættið telur ástæðu til að skoða þetta mál frekar.

Heimild: Embætti landlæknis, heilbrigðisupplýsingasvið. Færni- og heilsumatskrá.

Grunnurinn er „lifandi“, þ.e. breytist dag frá degi. Unnið var með gögn sem voru uppfærð 01.03.2020. Í þessari samantekt er miðað við að einstaklingur sé kominn á biðlista þegar ósk um hjúkrunarrými hefur verið skráð.

Vinnsluaðilar: HAH og KJ